

Bæjarstjórn - 1284

FUNDARBOÐ

**1284. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stíllholti 16-18,
11. desember 2018 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 1810140 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2019-2022

Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2019 og þriggja ára áætlun 2020-2022 var samþykkt í bæjarráði þann 6. desember síðastliðinn og vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

2. 1806199 - Fjárhagsáætlun 2019 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2020-2022

Fjárhagsáætlun 2019 og þriggja ára áætlun 2020-2022 ásamt tillögum, var samþykkt í bæjarráði þann 6. desember síðastliðinn og vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

3. 1811223 - Tímabundið leyfi frá störfum varabæjarfulltrúa

Stefán Þór Þórðarson fulltrúi Sjálfstæðisflokksins hefur óskað eftir tímabundnu leyfi til eins árs frá störfum sem varabæjarfulltrúi Akraneskaupstaðar eða til 31. desember 2019. Í hans stað tekur Carl Jóhann Granz sæti sem varabæjarfulltrúi.

4. 1811134 - Lóðaleigusamningar

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 6. desember tillögu skipulags- og umhverfisráðs um breytingar á 9. gr. fyrirliggjandi lóðarleigusamninga og vísaði málinu til bæjarstjórnar til endanlegrar staðfestingar.

5. 1809059 - Aðalskipulag - Grenjar - breyting

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 10. desember sl., var um lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005-2017, vegna breytinga á svæði Grenja H3 hafnarsvæði. Breytingin felst í nánari skilgreiningu þeirrar starfsemi sem heimil verður á hafnarsvæði H3. Engin breyting er gerð á skipulagsuppdraetti. Tillagan er unnin af Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf., dags. 19. nóvember 2018. Skipulagslýsing var auglýst 4. október með fresti til að skila inn ábendingum til 25. október 2018.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillagan verði auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga. Áður en tillagan verður auglýst skal hún send Skipulagsstofnun til yfirferðar sbr. 3. mgr. 30. gr. sömu laga.

6. 1809055 - Deilisk. Grenjar hafnarsv. H3 - vegna Bakkatúns 30-32

Á fundi skipulags- og umhverfisstjórnar, sem haldinn var þann 10. desember sl., var lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Grenja hafnarsvæði H3, sem unnin er af Teiknistofu Arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf., dags. 31. ágúst 2018. Tillagan er sett fram á skipulagsuppdráttum og í greinargerð. Í tillögunni er skilgreindur nýr byggingarreitur fyrir viðbyggingu til suðvesturs frá núverandi byggingu. Skipulagslýsing var auglýst 4. október með fresti til að skila inn ábendingum til 25. október 2018. Haldið var opið hús/kynningafundur til kynningar á skipulagsbreytingunni fimmtudaginn 6. desember sl.

Skipulags- og umhverfisstjórn leggur til við bæjarstjórn að tillaga deiliskipulagsins verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ráðið vill benda á að allur kostnaður sem hlýst af skipulagsbreytingunni fellur á umsækjanda hennar.

7. 1809183 - Aðalskipulag Flóahverfi breyting

Á fundi skipulags- og umhverfisstjórnar, sem haldinn var þann 10. desember sl., var lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005-2017 vegna breytinga á Flóahverfi A11. Breytingin felst m.a. í að landnotkunarreitir A11 er stækkaður til suðausturs um 3,5 ha. Tillagan er unnin af Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf., dags. 12. desember 2018. Skipulagslýsing var auglýst 17. október með fresti til að skila inn ábendingum til 8. nóvember 2018. Haldið var opið hús/kynningafundur til kynningar á skipulagsbreytingunni fimmtudaginn 6. desember sl.

Skipulags- og umhverfisstjórn leggur til við bæjarstjórn að tillagan verði auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga. Áður en tillagan verður auglýst skal hún send Skipulagsstofnun til yfirferðar sbr. 3. mgr. 30. gr. sömu laga.

8. 1807128 - Deiliskipulag Flóahverfi - endurskoðun

Á fundi skipulags- og umhverfisstjórnar, sem haldinn var þann 10. desember sl., var lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Flóahverfis, sem unnin er af Teiknistofu Arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf., dags. 19. nóvember 2018. Tillagan er sett fram á skipulagsuppdráttum og í greinargerð. Í tillögunni er hverfið stækkað til suðausturs um 34,900 m², gatnakerfið nýtt betur, lóðir eru minnkaðar og sett inn ákvæði um mögulega sameiningu lóða. Skipulagslýsing var auglýst 17. október með fresti til að skila inn ábendingum til 8. nóvember 2018.

Haldið var opið hús/kynningafundur til kynningar á skipulagsbreytingunni fimmtudaginn 6. desember sl.

Skipulags- og umhverfisstjórn leggur til við bæjarstjórn að tillaga deiliskipulagsins verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

9. 1809184 - Aðalskipulag Smiðjuvellir - breyting

Á fundi skipulags- og umhverfisstjórnar, sem haldinn var þann 10. desember sl., var lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005-2017 vegna breytinga á Smiðjuvöllum.

Breytingin felst m.a. í að landnotkunarreitir A9 og A10 eru sameinaðir reit A8 og skipulagsákvæðum breytt þannig að þar verði gert ráð fyrir blandaðri landnotkun. Svæði I6 fyrir aðveitustöð rafveitu er fært til austurs í samræmi við orðinn hlut. Svæði V9 er leiðrétt til samræmis við rétta afmörkun lóðar. Engin breyting er á skilmálum. Tillagan er unnin af Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf., dags. 6. desember 2018. Skipulagslýsing var auglýst 17. október með fresti til að skila inn ábendingum til 8. nóvember 2018. Haldið var opið hús/kynningafundur til kynningar á skipulagsbreytingunni fimmtudaginn 6. desember sl.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillagan verði auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga. Áður en tillagan verður auglýst skal hún send Skipulagsstofnun til yfirferðar sbr. 3. mgr. 30. gr. sömu laga.

10. 1805071 - Deilisk. Smiðjuvallasvæðis

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 10. desember nk., var lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvalla, sem unnin er af ASK arkitektum., dags. 27. nóvember 2018. Tillagan er sett fram á skipulagsuppráttum og í greinargerð. Í tillögunni felst að lóðum við Smiðjuvelli 12-22 eru sameinaðar í eina lóð. Á svæðinu verði athafnalóðir fyrir léttan iðnað, þjónustu og skrifstofur. Skipulagslýsing var auglýst 17. október með fresti til að skila inn ábendingum til 8. nóvember 2018. Haldið var opið hús/kynningafundur til kynningar á skipulagsbreytingunni fimmtudaginn 6. desember sl.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillaga deiliskipulagsins verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ráðið vill benda á að allur kostnaður sem hlýst af skipulagsbreytingunni fellur á umsækjanda hennar.

11. 1812032 - Málefni Höfða - framgangur erinda til stjórnvalda

Á fundi bæjarráðs þann 6. desember 2018 fól bæjarráð formanni ráðsins að óska eftir fundi með heilbrigðisráðherra og fylgja eftir erindum framkvæmdastjóra Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis til velferðarráðuneytisins varðandi bættu nýtingu á húsnæði heimilisins með fjölgun hjúkrunarrýma og fjölgun og breyting á dagdvalarrýmum. Erindunum hefur ekki verið svarað.

12. 1812067 - Fjármögnun samgöngubóta og mannauður Spalar ehf.

Bókun bæjarstjórnar Akraness vegna umræðu um fjármögnun samgöngubóta.

13. 1812066 - Útgjöld sveitarfélaga vegna búsetuúrræða barna

Áskorun til félagsmálaráðherra um útgjöld sveitarfélaga vegna búsetuúrræði barna með miklar þroska- og geðraskanir.

Fundargerðir til kynningar

14. 1801008 - Fundargerðir 2018 - skipulags- og umhverfisráð

98. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 10. desember 2018.

15. 1801006 - Fundargerðir 2018 - velferðar- og mannréttindaráð

93. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 5. desember 2018.

16. 1801007 - Fundargerðir 2018 - skóla- og frístundaráð

93. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 4. desember 2018.

17. 1801026 - Fundargerðir 2018 - Orkuveita Reykjavíkur

Fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur nr. 266 22.10.2018.

Fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur nr. 267 19.11.2018.

18. 1801023 - Fundargerðir 2018 - Samband íslenskra sveitarfélaga

865. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 30. nóvember 2018.

Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri